

13. Fundur Afréttarmálanefndar Gnúpverjafréttar

Fundarstaður: Árnes Dagsetning: 20. ágúst 2020 Tími: 17:30 Fundargerð nr.13

Fundinn sátu: Arnór Hans Þrándarson, Gylfi Sigríðarson, Lilja Loftsdóttir, Guðmundur Árnason og Bjarni Ásbjörnsson.

Fundarefni: Fjallskil og framkvæmd fjallferða og rétta

1. Farið yfir hvernig réttir verða framkvæmdar miðað við 100 manns að hámarki vegna covid. Ákveðið að allir fjallmenn fari í réttir og allir fjáreigendur fái allavega einn mann. Rest verði deilt niður á fjáreigendur miðað við fjölda kinda á fjalli upp í 95 manns en Björgunarsveitin Sigurgeir og fulltrúi sveitafélagsins hafi 5 manns. Annars farið eftir leiðbeiningum um sóttvarnir sem gefnar voru út af Almannavörnum.
2. Fjallsafn og eftirsafn er orðið fullmannað. Sendum aukamenn inn í Sandleit og Norðurleit fyrir Skeiða- og Flóamenn þar sem ekki má blanda hópum saman vegna covid. Búið að manna allar þær stöður. Ákveðið að Dalsárleit gisti í Hólaskógi alla fjallferðinna til að fjallmenn geti sem best farið eftir sóttvarnareglum og gista þá á neðri hæðinni, en á síðasta degi þegar allir koma saman gista aðrir fjallmenn á efri hæð Hólaskógar. Annars verður smölun með hefðbundnum hætti. Sveitafélagið ætlar að skaffa spritt og grímur fyrir fjallmenn. Fjárhagsáætlun fjallskila er á meðfylgjandi blaði.

Fundi slitið: 20:00

Arnór Hans Þrándarson

Gylfi Sigríðarson

Arnór Hans Þrándarson

Tillaga að fjárhagsáætlun fjallskila 2020

Tekjur	Fjárfjöldi	Jarðarpúsund	Kr.pr.ein		Áætl 2020
Fjártala	2165		645		1,396,425
Jarðarpúsund		5537	112		620,144
Selt fæði og hey					160,000
ofunnin fjallskil					79,528
					2,256,097 ISK
Gjöld	Dagar	kr.pr.dag.	Menn	Samtals 1 maður	Samtals.
Sandleit	9	3523	2	31,707 kr.	63,414
Norðurleit	6	3523	4	21,138 kr.	84,552
Dalsá	5	3523	17	17,615 kr.	299,455
Eftirsafn	6	3927	7	23,562 kr.	164,934
Sandleit tæki	9	6300	1	56,700 kr.	56,700
Sandleit trúss	9	3523	1.5	31,707 kr.	47,561
Gljúfurleit tæki	6	6300	1	37,800 kr.	37,800
Gljúfurleit trúss	0	3523	1.5	0 kr.	0
Gljúfurleit matráður	5	3523	1.5	17,615 kr.	26,423
Norðurleit trúss	2	10162	1	20,324 kr.	20,324
Eftirsafn tæki	6	6300	1	37,800 kr.	37,800
Eftirsafn trúss	6	3927	1.5	35,343 kr.	35,434
				Samt. Leitir	874,396
Matarkaup					520,000
Endurgreidd smölun					0
Réttarferðir					40,000
Fjallkóngur					25,000
Viðhald rétta og girðinga					200,000
Réttafé					0
sláttur					251,000
Ófyrirséð					5,701
Eftirleit					70,000
Heykaup					200,000
Leiga á landi					50,000
tryggingar					20,000
					Samt. annar kostn. 1,381,701
Afsláttur reiknast:					
fjártala * einingaverð /3 (deilt með)				Samtals leitir & annar kostn.	2,256,097 kr.